

Alþingi
Erindi nr. P 130/2122
komudagur 23. 4. 2004

Sent: 23. apríl 2004 15:17
To: Stefán Árni Auðólfsson
Subject: Um aukaúrdrátt húsbréfa

Sæll Stefán

Á fundi félagsmálanefndar s.l. miðvikudag fékk ég spurningu frá Jöhönnu Sigurðardóttur um hvort tekið væri tillit til möguleika á aukaútrætti húsbréfa í tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða. Ég hef nú leitað eftir svari frá Vigfúsi Ásgeirssyni, tryggingafræðingi LSR. Svar hans er eftirfarandi:

til þessa höfum við ekki tekið tillit til mögulegs aukaútráttar á húsbrefum því að í þeim skilmálum sem skráðir eru í bréfin sjálf er hvergi getið um þá heimild að til aukaútráttar kæmi, heldur bara um venjulega útrætti. Þetta hefur kannski breyst með rafrænu bréfin.

Það er túlkun okkar (FÍT) að ekki sé heimilt að draga aukalega út húsbref nema það sé skráð í skilmála í bréfinu sjálfu. Það er ekki nægjanlegt að það sé til lagaheimild um aukaútrátt. Ef aukaútráttur á að vera mögulegur þá verður það að koma fram í skilmálum í bréfinu.

Lögmaður Íbúðalánasjóðs er ósammála okkur og telu hann að lagaákvæðið vegi þyngra en þeir skilmálar sem eru skráðir í bréfin. Við erum ekki lögfræðingar en okkur finnst þessi túlkun út í hött því að húsbref, pappírinn sjálfur er lögmæt skuldaviðurkenning, og aðili sem kaupir slíkan pappír miðar að sjálfsögðu við þá skilmála sem þar eru skráðir.

Ef þessi túlkun okkar reynist ekki rétt þá verðum við að sjálfsögðu, þegar og ef slíkt liggur endanlega fyrir, að taka tillit til aukaútráttar, og getur það haft veruleg áhrif á endurmat húsbréfa.

Bjarni Þórðarson hefur staðið í bréfaskriftum við Íbúðalánasjóð og þekkir þessi mál best af hálfu okkar í FÍT.

Kveðja,
Haukur Hafsteinsson
framkvæmdastjóri LSR og varaformaður LL